VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Óreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

9. tbl. 9. árg. 9.5—20.5 1980 Verð kr. 300,-

„Þetta atvinnulýðræði er bara gervilýðræði“

VBL-STB ræðir við Hálfdán Jónsson, vélvirkjanema um bónuskerfið í Stálvík

Yfirvinnubannið í maí og júní 1977 hafði margvísleg áhrif. Meðal annars sýndi það mörgum verkamanninum og mörgum atvinnurekandanum fram á að hægt er að stytta vinnuvikuna verulega, án þess að það komi niður á afköstum.

Uppfrá því hafa ýmis fyrirtæki gripið tækifærið og reynt að koma til móts við starfsmenn sína og bjóða þeim svokölluð afkastahvetjandi launakerfi gegn því að virk vinnuvika yrði stytt.

VBL-STB hafði tal af Hálfdáni Jónssyni, vélvirkjanema í skipasmíðastöðinni Stálvík. Í þessu viðtali greinir hann frá hvernig fyrirtækið beitir brögðum til að auka afköstin hjá starfsmönnum sínum án þess að auka launin sem því nemur. Allt undir yfirskyni atvinnulýðræðis og samráðs við starfsmennina.

8

Kristján Thorlacius

Útilokar ekki verkföll í sumar

Verkalýðsblaðið-Stéttabaráttan hringdi í Kristján Thorlacius, formann BSRB og lagði fyrir hann nokkrar spurningar um stöðuna í samningamálum Bandalagsins. Fyrst spurðum við hann, hvort ekki væri útséð um að samningar drægjust til hausts ins í fyrsta lagi.

"Það er ekki útséð um það, að mínu mati. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að það verði samið nú á næstu vikum. Við skulum ekkert útiloka í því efni."

Er það þá skoðun þín, spurðum við þessu næst, að hægt sé að ná samningum án aðgerða af hálfu BSRB, t.d. verkfallsaðgerða?

"Ég vona það alltaf að það takist samningar án aðgerða. Jafn sannfærður er ég um, að menn verði að vera reiðubúnir að beita aðgerðum."

Hyggst BSRB þá fara í verkfall, meðan meðlimir öflugustu samtakanna innan BSRB, kennarasamtakanna, eru í þriggja mánaða sumarfríi?

"Það eru nokkuð skiptar skoðanir um þetta, hvenær sé hentugasti tíminn til að beita aðgerðum. Ég vil ekkert tjá mig um, hvenær sá tími er bestur. Ég vil hvorki slá því föstu að aðgerðir verði boðaðar í sumar né segja neitt um að það sé ekki mögulegt. Við erum að fara í víðtæk fundarhöld í maí-mánuði. Þetta er eitt af þeim málum sem verða rædd á þeim fundum. Það fer ákaflega mikið eftir félagsmönnum sjálfum. Ég reikna með að þessi fundarhöld hefjist um miðjan mánuðinn. Þau ættu ekki að standa lengur yfir en 10 daga eða þar um bil."

ÓHS



Kveðja frá Kampútseu

Sendiráð Alþýðuríkisins Kampútseu í Peking hefur sent Einingarsamtökum kommúnista (m-l) kveðju utanríkisnefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kampútseu. Kveðjan hljóðar svo nokkuð stytt í lausl. þýðingu.

"Kæru félagar.

Fyrir hönd utanríkisnefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kampútseu viljum við tjá ykkur dýpsta þakklæti okkar fyrir stuðning ykkar við baráttu okkar og eflingu ríkisstjórnar Alþýðuríkisins Kampútseu. Það er víst, að hin nýja stjórnlistaráætlum sem ríkisstjórn Alþýðuríkisins Kampútseu hefur mótað mun vinna sigur á víetnömsku útþenslusegggjunum, sem hafa hertekið lönd og útrýma þjóð með stuðningi Sovétríkjanna.

Bréf ykkar frá 21. janúar var lesið upp í Rödd Alþýðuríkisins Kampútseu 30. janúar 1980.

Eins og ykkur er kunnugt, hrósuðu Víetnamar sigri fyrir rúmu ári síðan. Á síðasta ári hafa þeir valdið þjóð Kampútseu ómældum þjáningum og myrt meir en 2 milljónir manna. En þeir sitja nú ríkfastir í gildru. Þeir missa æ fleiri hermenn daglega og þeim hefur mistekist í allsherjarsókn sinni á þurrkatímanum.

Það er aðeins brottflutningur alls víetnamsks herliðs frá Kampútseu í samræmi við ályktun SÞ sem getur leyst Kampútseuvandamálið.

Kæru félagar, takið bestu óskum okkar um árangur. Með byltingarkveðjum, Alþýðuríkið Kampútsea, 5. mars 1980.

Gunnar Andrésson

4 5

Víðtæk sameining það er markmiðið

Ari Trausti Guðmundsson

Látum af kreddufestunni

Dufþakur

Deyfð verkalýðs-hreyfingarinnar

Sú tilfinning greip mann á rölti niður Laugaveginn 1. maí, að verið væri að kyrja útfararsálm verkalýðsbaráttunnar. Auk þess sem gangan (eða göngurnar) var með fámennara móti, minnti stemmningin einna helst á líkfylgd. Fáir tóku undir heróp göngustjóra og oft kom fyrir, að ópin hljóðnuðu skyndilega eins og gripið hefði verið fyrir kverkar þeirra, er hugðust láta til sín heyra. Kannski var þessi jarðarfararstemmning aðeins sönnun þess, að baráttuhugurinn er ekki eins mikill og fyrir nokkrum árum.

Hafi einhver tíma ríkt deyfð innan verkalýðshreyfingarinnar á vinstri kanti stjórnmálanna, þá hefur hún líklega verið sjaldan eins áberandi og um þessar mundir. Samningar flestra stærstu launþegasamtakanna hafa verið lausir í lengri eða skemmri tíma og hvorki virðist ganga né reka í samningaviðræðunum við vinnuveitendur. Launþegar hafa verið einstaklega þolinmóðir og forystumenn stéttarsamtakanna virðast ætla að reyna á langlundargeð almennings eins og framast er unnt.

Það er kannski í skjóli þessarar deyfðar og sinnuleysis, sem Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri Verkamannasambandsins, gat leyft sér að halda því fram í sjónvarpinu á dögunum, að nú væri engin grundvöllur til kauphækkana og fólk væri heldur ekki reiðubúið til baráttu fyrir bættum kjörum. Þegar haft er í huga, að slík ummæli eru höfð eftir manni, sem gegnir ábyrgðarstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar, ummæli, sem á afar hreinskilinn hátt taka undir grátkór vinnuveitenda, enda var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, Þorsteinn Pálsson, harla ánægður með þessa umsögn, þá kemur varla nema tvennt til greina. annaðhvort er hér um að ræða sérstakt hugrekki eða einskæra heimsku.

Annars er það umhugsunarefni út af fyrir sig hvað veldur minnkandi áhuga launafólks á því að berjast fyrir bættum kjörum og þverrandi baráttuþrek vinstri aflanna, sem vissulega er í öfugu hlutfalli við almennan kaupmátt og lífskjör, sem hefur farið hrakandi á síðustu mánuðum og árum.

Orsakanna má sjálfsagt m.a. leita til þess, að margur vinnandi maðurinn ber ekki lengur traust til sinna forystumanna og hefur enn ekki fundið neitt það afl, er komið gæti í staðinn. Forkólfar verkalýðshreyfingarinnar sitja sem fastast í sínum þægilegu embættum og virða að vettugi hina minnstu gagnrýni, sem á þá er borin. Fyrir þeim er skriffinnskan í hreyfingunni líftið annað en þægileg aðstaða til að hafa hag af þessu kerfi og mata krókinn.

Enda hafa þeir byggt upp þannig skipulag innan verkalýðshreyfingarinnar, að nánast er þar um æviráðningu að ræða. Það er næstum útilokað fyrir alþýðufólk, sem þarf að leggja á sig tvöfalda vinnu til að hafa í sig og á, að bjóða fram til kosninga í stjórn og ráð; svo margslungið er þetta einhliða skipulag verkalýðssamtakanna. Því skal engan undra, þó forystumenn verkalýðshreyfingarinnar – hvar í flokki sem þeir standa – séu eindregið á móti tillögum Sjálfstæðisflokksins um hlutfallskosningar í verkalýðsfélögunum.

Hugmyndin um hlutfallskosningar, sem auðvitað er ekki ný af nálinni, er góðra gjalda verð, enda er með henni verið að bjóða upp á aukið lýðræði innan verkalýðssamtakanna. Rétt er þó að taka það skýrt fram, að tillögur Sjálfstæðisflokksins þess efnis, að alþingi setji lög þar um, er andstæð lýðræði og félagafrelsi. Það á ekki að vera hlutverk alþingis að hnýsast í innri málefni verkalýðshreyfingarinnar; þetta er mál, sem hvert stéttarfélag fyrir sig verður að leiða til lykta. Lögin eru búin til og samþykkt af almennum félagsmönnum og þeir einir eiga rétt á að breyta þeim eftir sínu höfði.

Dufþakur

Ari Trausti framhald af opnu

tökum, þar álit ég þessa leið gilda.

Einu samtökin sem hægt er að sameina með umræðunum einum saman það eru þessi tvö samtök sem núna eru að sameinast.

Hitt tekur langan tíma og það liggur fyrir tillaga um það hvernig skuli staðið að þessari samvinnu og þessari hugmyndabaráttu.

Lokaorð?

Við félagana vil ég segja að þeir láti nú af kreddufestunni, ég held hún blómstri enn þá í samtökunum og menn verða að ganga til þessarar sameiningar með opnum huga og vera djarfir í tilraunastarfseminni og muna það að mælikvarðinn á réttmæti hugmyndanna fæst fyrst og fremst í starfinu sjálfu.

Við þá sem ekki eru í samtökunum en hafa verið í þeim eða líta þau hýru auga vil ég fyrst og fremst segja það að þeir leggi sig í framkróka við að koma til samstarfs við okkur í einstökum baráttumálum.

eb.

Hinn misheppnaði herleiðangur Bandaríkjanna til að frelsa gíslana í Íran er ekki aðeins hernaðarleg mistök heldur einnig pólitísk. Sama er að segja um herferð þá sem Bandaríkin standa í fararbroddi fyrir til að einangra Íran viðskiptalega og pólitískt.

erlent viðhorf

Kastað í fangið á Sovét

Samkvæmt því sem tímaritið Middle East Economic Review skrifar, hafa Sovétríkin lengi rekið áróður fyrir því gagnvart Íran að það væri kostur að koma á flutningaleiðum í gegnum Sovétríkin ef Bandaríkin settu á landið viðskiptabann. Tímaritið bendir á að járnbrautirnar frá V-Evrópu og Síberíujárnbrautin hafi mikið verið notaðar að undanförnu. M.a. hafi mestur hluti 600 þúsund tonna af stáli, sem Íran hafi keypt frá Japan komið eftir Síberíujárnbrautinni.

Í Íran er sterk hreyfing gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, eins og sést á þessari mynd. Aðgerðir Bandaríkjanna styrkja hins vegar Sovétríkin.

Íranskir ráðamenn hafa að undanförnu verið í sendiferðum um lönd A-Evrópu til þess að koma á viðskiptasamböndum.

Fimmtudaginn 24. apríl skýrði Moskvuútvarpið frá því að Íran myndi fá leyfi til þess að flytja vörur til Íran í gegnum Sovétríkin ef Bandaríkin settu landið í bann.

Allar aðgerðir Bandaríkjanna og fylgiríkja þeirra til að einangra Íran eru til þess fallnar að hrekja Íran upp í fangið á Sovétríkjunum. Þær gefa Sovétríkjunum kærkomið tækifæri til að auka álit sitt í Íran og fá alþýðu manna þar til þess að halda að þau séu bjargvættur.

Æ

Nú bendir allt til þess að kjarasamningum verði frestað til haustsins. BSRB nær úr þessu ekki að boða til aðgerða, áður en skólum líkur og verkfallsaðgerðir af hálfu sambandsins því óhyggilegar. Hins vegar er fyrst og fremst við forystu sambandsins að sakast, að ekki skuli hafa verið boðað til aðgerða fyrr.

Kjarasamningum frestað til haustsins?

innlent viðhorf

Það er enginn asi á þeim ASÍ-mönnum, frekar en verið hefur undanfarið. Á því eru trúlega ýmsar skýringar. Fyrir utan náin tengsl við ríkisstjórnarflokkana og samúð með bágstöddum atvinnuvegum, er trúlegt, að ein skýringin sé ákvörðun um að bíða eftir BSRB. Ég segi ákvörðun, því það var beinlínis ákveðið á fundi samninganefndar ASÍ í mars trúlega, að það skyldi gert.

Síðan þá er að vísu liðinn nokkur tími, en engin teikn á lofti, sem benda til þess að sú afstaða hafi breyst. Rökin á bak við þá afstöðu virðast ekki geta verið stórbrotin og þá fyrst og fremst þau að ASÍ sé ekki stætt á að gera lakari samning en BSRB. Að standa í fararbroddi fyrir gerð sæmilegra samninga, er víst ekki inní myndinni hjá þessum háu herrum, meginmarkmiðið er að halda andlitinu, en ekki umhyggja fyrir velferð fólksins.

Hentug aðferð til kjararáns

Frestun á gerð nýrra kjarasamninga, er að verða viðtekin aðferð til að halda kaupinu niðri. Ef við setjum upp einfalt dæmi, sem reyndar er ekki sérlega vísindalega unnið, en gæti gefið einhverja mynd af því sem er að gerast, sjáum við að núgildandi samningar með tilheyrandi lagaskerðingum, hafa í för með sér gífurlega eignatilfærslu. Ef við gerum ráð fyrir að kaupmáttarskerðing frá 1. des. til þessa dags sé um 5%, sem ekki er ótrúlegt, er kjararánið á þeim sem hefur 400 þús. kr. tekjur á mán. sennilega nálægt 100 þúsund á þessu tímabili. Sé þessi tala síðan margfölduð með félagafjölda í ASÍ, segjum 40.000, þá verða tölurnar svimandi, eða 4.000.000.000, kr., fjórir milljarðar.

Hvort sem þessar tölur eru nálægt lagi eða ekki, er ljóst, að mikil verðmætatilfærsla frá vinnandi fólki til auðstéttarinnar á sér stað. Því sé ég enga ástæðu fyrir félaga ASÍ að bíða fram á haust með sína samninga eða lengur.

Óánægja og deilur innan ASÍ

Sem betur fer sitja ekki allir þegjandi á þessum lágkúrulegum tímum. Verkakonur í Eyjum hafa sagt Verkamannasambandinu til syndanna, verkalýðsfélagið á Eskifirði hefur látið í sér heyra og mikil óánægja er meðal óbreyttra félagsmanna í fjölda stéttarfélaga.

Þá eru trúlega deilur um markmiðin. Svo tekin séu dæmi af tveimur Abl. og ASÍ toppum, þá telur Jakinn sig ekki geta lagt fram lakari samninga heldur en félagsmenn Verslunarmannafélagsins hafa. Benedikt Davíðsson virðist hins vegar vera harla ánægður með félagsmálapakka stjórnarinnar, þar sem stórauknar byggingar verkamannabústaða tryggja hans mönnum fulla atvinnu. Hvort þessi óánægja og ágreiningur innan ASÍ verða til þess, að samflotið sundrast, skal ósagt látið, en hins vegar segir mér svo hugur um, að takist að halda því saman munum við þurfa að bíða eftir samningum í marga mánuði enn.

RÍ



Það er enginn asi á þeim ASÍ-mönnum.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ Stéttabaráttan
Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Útgefendur: Einingarsamtök kommúnista (m-l) og Kommúnistaflokkur Íslands m-l
Ritstjórar: Eiríkur Brynjólfsson, Ómar Harðarson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl. 8.30 - 12.30 alla virka daga
Sími: 29212
Pósthólf: 5186, 125 Reykjavík
Girónr.: 27810-6, 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Ríkisstjórnin er orðin nógu gömul

Núverandi ríkisstjórn er ekki orðin ýkja gömul en samt nóg til þess að við vitum hvar við höfum hana og hvers er af henni að vænta.

Hún hefur sýnt sig vera í engu frábrugðna öðrum ríkisstjórnum. Hún lofaði tvennu. Hún lofaði að ná niður verðbólgunni og hún lofaði að lækka kaupmátt kaups launþega. Og eins og allar fyrri stjórnir þá ræður hún ekki við að efna fyrra loforðið en það síðara, að lækka kaupið, það efnir hún svo sannarlega.

Þessa dagana dynja yfir okkur fréttir af verðhækkunum sem ráðherrarnir eru svo vingjarnlegir að samþykkja og láta ekki vera með í niðurtalningarleiknum.

Og sífellt er tönnlast á því að atvinnuvegirnir og þjóðarbúskapurinn í heild þoli alls ekki kauphækkanir en hinsvegar eigi að bæta kjör hinna lægstlaunuðu með ríflegum félagsmálapökkum, sem kosti ekki neitt, enda tómir þegar kemur að því að taka þá upp.

Forysta Alþýðubandalagsins, sem að hluta til bjó til þennan leik, syngur að sjálfsögðu með atvinnurekendum; ráðherrarnir í forsöng en þingmenn og erindrekar þeirra í verkalýðsforystunni taka undir í kór.

Það var tímanna tákn þegar Þjóðviljinn sagði frá verkalýðsmálaráðstefnu AB nýlega. Þar var vitnað í örfá orð nokkurra forystumanna verkalýðsarmsins en meirihluti greinarinnar var ræða Svavars Gestssonar um vandamál atvinnuvega og ríkisbúskapar.

Þá var viðskiptaráðherrann ábyrgur.

En yfir hverju ber Alþýðubandalagsforystan svona mikla ábyrgð?

Alþýðubandalagsforystunni virðist alveg sama þótt launþegar fái sífellt minna í sinn hlut. Henni finnst allt í lagi að lækka kaupið enn meir.

Öll ábyrgð og hjartagæska Alþýðubandalagsforystunnar snýst nú um greiðslubyrði atvinnuveganna.

En hvað er þá hæft í barlómi atvinnurekenda?

Það hefur til dæmis verið sannað svo ekki verður um villst að frystiiðnaður er alls ekki rekinn með tapi eins og látið er í veðri vaka. Sum frystihús eru að vísu rekin með tapi en þau eru hin minnstu með minnstan hluta vinnslunnar. Stærsti hlutinn sem hefur meirihluta vinnslunnar er rekinn með ævintýralegum gróða. Það er plan að vera fyrirgreiðslustofnanir stjórnmálaflokka út af fyrir sig athugunarefni af hverju íslenskir atvinnurekendur eru hræddir við að sýna hagnað fyrirtækjanna.

Sama mun upp á teningnum í öðrum atvinnugreinum, t.a.m. verslun, þótt erfitt sé að afla upplýsinga því þær eru hreinlega ekki veittar.

Það eru þessir hagsmunir sem ríkisstjórnin er að vernda og launþegar eiga að þola skattáþján og kjaraskerðingar til að sjá þessum afætum fyrir lifibrauði.

Það er fyrir þessa hagsmuni sem sumir verkalýðsforingjar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að slæva baráttuanda launþega og makka um fánýta félagsmálapakka.

Það eru þessir hagsmunahópar sem eru andstæðingar launþega. Þeim hefur tekist að draga verkalýðshreyfinguna niður á það lágkúrulega þegar þeir eru að færa fé úr vasa launþega í vasa atvinnurekenda.

Gegn þessu verður að snúast og það af einurð. Yfirgnæfandi hluti launþega er láglaunahópur þegar þess er gætt að framfærslukostnaður meðalfjölskyldu mun vera orðinn yfir hálfri milljón.

Launþegar hafa ekki efni á að hlusta lengur á barlóm atvinnurekenda og úrtölur erindreka þeirra í ríkisstjórn og verkalýðsforystu.

eb.

Prófin búin

Herstöðin er árásarstöð

Í nýútkomnum Dagfara eru nánari upplýsingar AWACS-kerfið (undirritaður blaðamannsfáráðlingur kallaði það raunar Avax-kerfið.) í grein eftir Helga Hannesson. Við birtum hér með leyfi höfundar úrdrátt úr umræddri grein.

"Þrátt fyrir nýtt hlutverk í hernaðartafli stórveldanna getur Keflavíkurstöðin enn gegnt hlutverki, sem stöð fyrir sprengjuflugvélaflota Bandaríkjamanna, þrátt fyrir það að mikilvægi slíkra flugvéla fer æ minnkandi.

Árið 1978 voru staðsettar hér tvær af fullkomnustu ratsjárflugvélum bandaríkjamanna, eða svo nefndar AWACS-vélar, af gerðinni Boeing E-39 Sentry. Hlutverk þeirra mun fyrst og fremst eiga að vera að stjórna og leiðbeina orustu flugvélum í nágrenni Íslands. M.a. leita þessar vélar upp skotmörk, raða þeim upp í forgangsröð og geta fylgst með mörgum skotmörkum í einu. Slíkar flugvélar geta einnig leiðbeint flugvélum, er borið geta kjarnorkuvopn og ekki munu öll kurl vera komin til grafar um það hlutverk, sem slíkar vélar koma til með að gegna í hernaði. Hér eru einnig staðsettar flugvélar er þjóna því hlutverki að birgja flugvélar af eldsneyti á flugi, bæði sprengjuflugvélar sem aðrar gerðir. Slíkar flugvélar geta stytt viðbragðstíma sprengjuflugvéla, sem borið geta kjarnorkusprengjur, og yrðu væntanlega notaðar í þeim tilgangi kæmi til átaka. Þessi atriði auka enn á skotmarksgildi Keflavíkurstöðvarinnar, auk þess getur hún nú þjónað sem liður í "fyrsta höggi", þ.e. sem árásarstöð."

óhs

Í greinum í Dagfara er sýnt fram á, svo ekki getur vafi á leikið, að "Verndarann" má nýta til "fyrsta höggs", þ.e. sem árásarstöð. Það býður hættunni heim.

AFGANISTAN

Víetnam Rússanna

Út er komin hjá Októberforlaget í Svíþjóð bók eftir tvo tyrkneska blaðamenn frá dagblaðinu Aydinlik. Þeir skrifuðu greinaflokk í þetta dagblað eftir ferð um Afganistan í september 1979.

Formála að bókinni skrifar Parwes Mahra, fulltrúi Félags afganskra stúdenta erlendis (FASE). Hann segir m.a.:

"Bókin lýsir ástandinu í austur og suðausturhluta Afganistans. Þar eru háðir enn þann dag í dag harðir bardagar og þar eru enn frelsuð svæði.

Rússarnir hlutuðust millilíðalaust um innanríkismál í Afganistan er þeir stóðu að valdaráninu 1973 undir forystu Daouda og með valdaráninu 1978 undir forystu Kalq-flokksins.

Frelsisbarátta afgönsku þjóðarinnar hefur sýnt að ekki þýðir að blekkja fólkið með tilfærslum sem þeim, að setja Taraki í stað Daouds og Amin í stað Tarakis.

Á tíma Hafizullah Amins tókst frelsisköppunum að frelsa tvo þriðju hluta landsins. Þá gripu Rússarnir til sinna ráða.

Afganska þjóðin hefur aldrei og kemur aldrei til með samþykkja erlend yfirráð. Hún mun aldrei gefast upp, jafnvel þótt hún þurfi að berjast tómhent móti óvini sem búinn er nútímavopnum.

Ritfregn

Í Afganistan eru 32 ólík þjóðarbrot og margvíslegir trúarhópar. Það hefur leitt til þess að samhent forysta hefur ekki myndast í frelsisbaráttunni, s.s. í Íran. Þetta hefur reynst gagnast Rússunum.

Í þessari bók er aðeins fjallað um þær samfylkingar sem störfuðu á því svæði sem blaðamennirnir ferðuðust um. Fjöldi slíkra samtaka er nú 20 í Afganistan, en tilhneigingin er í þá átt að þau sameinist."

Bókina AFGANISTAN - Víetnam Rússanna er hægt að panta í gegnum Októberbúðina. Hún mun kosta 4.500 til 5.000 kr.

óhs

Staðreyndir um ÍSAL

"Upplýsingarrit um Ísal og áliðnað" nefnist lítið rit sem gefið er út af Rannsóknarmiðstöð um Stefnumörkun og Utanríkismál (R.S.U.).

Í riti þessu eru rakin með heimildatílvísunum í ráðamenn Ísal (Íslenska álfélagið), Alusuisse o.fl., nokkur mikilvæg atriði sem varpa skýru ljósi á ÍSAL og tengsl þess við auðhringinn Alusuisse.

UPPLÝSINGARIT
UM ÍSAL OG ÁLIÐNAÐ
Er ÍSAL alfarið stjórnað af Íslendingum?
Er ÍSAL rekið með tapi?
Hvað borga önnur álver ALUSUISSE fyrir ratmagn?
Á áliðnaður framtíð fyrir sér á Íslandi?
Stundar ALUSUISSE mútustarfsemi á alþjóðavettvangi?

Hver á ÍSAL?

Forsprakkar ÍSAL hafa sagt fyrirtækið alíslenskt og að því sé alfarið stjórnað af Íslendingum.

Forsprakkar Alusuisse tala um álverið á Íslandi sem álverið sitt. Alusuisse ræður öllum mikilvægum þáttum í starfsemi fyrirtækisins, fjármálum, hráefnakaupum og sölu áls, semur við íslensk stjórnvöld um aðstöðu, skatta raforkugjöld o.fl. og ræður forstjóra ÍSAL til vinnu, ákveður kjör hans og fylgist með starfi hans. Það er skrítið alíslenskt fyrirtæki sem hefur erlendan aðila til að sjá um allt fyrir sig. Það er skrítið alíslenskt fyrirtæki þar sem forstjórinn er ráðinn af erlendu fyrirtæki, sem ákveður kjör hans og hefur eftirlit með starfi hans.

Tap eða gróði?

"Eigendur fyrirtækisins, hinn erlendi aðili Alusuisse. hafa hins vegar ekki farið vel út úr þessum rekstri."

Þarna viðurkennir forstjóri ÍSAL að fyrirtækið sé í eigu útlendinga og sé ekki íslenskt. (Mbl. 17.11.79). Í Mbl. 23.11,77 segir sami maður: "Fyrirtækið er íslenskt, þótt það styðjist við erlent fjármagn."

Þeir í Sviss eru ekki sammála forstjóra ÍSAL um afkomuna. "Árið 1976 ... neyddumst við til að selja undir kostnaðarverði í alllangan tíma, og einkum í Bretlandi... Kostnaðurinn var borinn af dótturfyrirtækjum okkar á Íslandi og í Noregi, en endanlega af Alusuisse." (Forstjóri Alusuisse á aðalfundi 1977.) Og aftur: "Nýting verksmiðja okkar í Noregi og á Íslandi var 90% og 97% árið 1977. Rekstur beggja verksmiðja var arðvænlegur." (Ræða forstjóra Alusuisse á aðalfundi 1978) Og aftur: "Rekstur beggja álvera á Norðurlöndum, á Íslandi og í Noregi, var með eðlilegum hætti."

Forstjóri ÍSAL segir í Mbl. 17.11.79: "Reksturinn hefur barist í bökkum, stundum verið verulegt tap eða í besta falli hefur reksturinn staðið í járnum."

Kynntu þér ritið

Upplýsingarrit R.S.U. á erindi. Til þess að panta ritið skal skrifað: R.S.U. c/o Elías Davíðsson, Kársnesbraut 41, 200 Kópavogur. Eða hringt í síma 41648.

Æ

Skattaskollaleikur

Þjóðviljinn hefur keppst við síðustu vikur að telja fólki trú um, að Ragnar Arnalds hafi lagt til skattalækkun uppá 5.500 milljónir króna hjá barnafólki og lágtekjufólki. Hér er um grófa einföldun að ræða, svo mikla að jafnvel Jakanum ofbauð. Ragnar Arnalds og Þjóðviljinn rökstyðja mál sitt með því að benda á að persónuafsláttur hækki milli ára um 5.500 milljónir. Rétt er að persónuafsláttur hækkar nokkuð milli ára umfram verðbólgu, en þessari hækkun var og er ætlað að mæta niðurfellingu ýmissa frádráttarliða, einkum 50% launafrádrætti eiginkvenna. Staðreyndin er sú, að skattbyrði launafólks minnkar ekki almennt séð. Einhver tilfærsla verður en ekki horfir það til lækkunar hjá öllu barnafólki og lágtekjufólki, eins og rakið var í síðasta VBL-STB.

Skattlausu fyrirtækin

Undanfarin ár hefur Ragnar Arnalds dregið fram í dagsljósið ótal skattlaus fyrirtæki og krafist skattlagningar á þeim. Ekki er að sjá, að hann noti tækifærið sem fjármálaráðherra til að láta kröfur sínar rætast nú. Það ætti þó að skýrast betur þegar hann birtir 1980 listann sinn.

Að lokum leggur VBL-STB til að gífurlegur verðbólgugróði örfárra einstaklinga og fyrirtækja síðasta áratug verði skattlagður.

> Var KFÍ sá óvinur sem þjappaði Eik (m-l) saman, eins og stungið er upp á í Neista nýlega?

Nei, ekki nema að hluta til. Mikið af okkar fræðilegu umræðu og stefnumótun snerist um það að leggja fram hluti sem við höldum að væru réttari en stefna KFÍ. Að því leyti til er þetta rétt en þetta er ekkert meginatriði.

Meginatriðið sem þjappaði Eik (m-l) saman var sú ósk þess fólks sem þar var að byggja upp valkost í stað AB.

> Eru deilur í Eik um sameininguna?

Já. Bæði er það að félögum okkar finnst að sé ekki nógu ljóst hversvegna samtökin geta sameinast núna en gátu það ekki áður. Svo er til fólk sem sér í ýmsum tillögum að það sé hægt að stofna verkalýðsflokk sem sé grundvallaður á einhverri vinstristefnu sem er þá kannski óljósara fyrir því heldur er marxískur grundvöllur.

Þarna hef ég nefnt tvo hópa sem eru óánægðir með þessa sameiningu eða hluti tengda henni. En ég legg á það áherslu að þetta er ekki einlitur andstöðuarmur gegn þessari sameiningu. Meirihluti félaganna er fylgjandi þessari sameiningu á þeim grundvelli sem hún fer fram.

> Ganga deilurnar þá út á það hvað verður gert frekar heldur en hvort verði sameinast? Og í framhaldi af því hverskonar samtök á að byggja upp?

Hluti af þessum óánægjuröddum gengur út á það. En það eru náttúrulega til félagar sem finnst að þær forsendur sem við settum fyrir sameiningu áður þær eigi að gilda áfram, þ.e. að KFÍ samþykki þennan sameiningargrundvöll sem við settum fram og þar væri gert endanlega út um þessa fortíð sem við teljum hinsvegar margir hverjir að sé hægt að gera smámsaman innan einna samtaka.

> Að hverju er þá stefnt?

Það er ljóst að þau samtök sem verða til við sameiningu þessara tveggja samtaka verða fyrir það fyrsta ekki sá verkalýðsflokkur sem við ætlum að stofna heldur pólitísk samtök. Það er líka klárt að grundvöllur þessara samtaka verður í meginatriðum mjög svipaður þeim sem þau hafa starfað á.

En svo er hægt að spekúlera í því hvað sé svo ætlunin að gera með þessum samtökum, þessum marx-lenínísku samtökum sem er verið að stofna upp úr hinum tveimur.

> Þá erum við komnir að spurningunni um flokksstofnunina. Er markmiðið að vinna að sameiningu fleira fólks, t.d. Fylkingar- og AB-fólks og eru til áætlanir um það? Verður það markmið þessara samtaka að sameina fleiri?

Ég vil líta svo á að það sé í sjálfu sér markmið þessara samtaka að sameina fleiri heldur en sjálf sig með tímanum. En ég álít það líka út í hött að setjast niður, jafnvel áður en búið er að sameina þessi samtök, og búa til áætlun um hverja skuli sameina.

Ég álít að mergurinn málsins sé að byrja að vinna með þessu fólki í dægurbaráttunni, ræða við það um þær hugmyndir sem við höfum um verkalýðsflokk og sjá hvaða hugmyndir þetta fólk hefur um sömu mál og láta þetta starf skera úr um það hverjir stofna þennan flokk endanlega.

> Nú hafa oft verið sett fram ólík skilyrði fyrir flokksstofnun. Hver eru þessi skilyrði nú?

Skilyrði eru fyrir það fyrsta að flokkurinn við stofnun ráði yfir stefnu, þar sem búið sé að aðlaga marxismann Íslandi, nokkuð sem við höfum ekki gert nema í mjög litlum mæli. Í öðru lagi að hann hafi fótfestu í verkalýðshreyfingunni. Núna er fótfesta þessara samtaka lítil. Og það er sérstaklega í almennum verkalýðsfélögum þar sem samtökin standa mjög veikt og ég álít það útilokað að stofna kommúnískan verkalýðsflokk án þess að þessi tengsl séu fyrir hendi. Þetta eru mikilvægustu atriðin.

> Af hverju verður þessi sameining akkúrat núna? Er það vegna þess að samtökin hafi beðið skipbrot? Af hverju ekki fyrir ári síðan, það hefur ekkert breyst í sjálfu sér?

Það hefur margt breyst. Fyrir það fyrsta viðhorf okkar til starfsins og stefnunnar. Bæði samtökin hafa fundið það út að þau hafa verið einangrunarsinnuð og kredduföst. Við viljum gera upp við þessi röngu viðhorf og það færir auðvitað samtökin nær hvort öðru.

Svo hefur það líka breyst að kjaraárásir og kreppuráðstafanir ríkisvaldsins hafa magnað óánægjuraddir í pólitískum flokkum sem eru fyrir hendi. Sérstaklega í AB. Það eru einstaklingar sem hafa fengið kappnóg af því. Þetta eru náttúrulega breytingar.

En það sem ég held að sé mikilvægast af öllu það eru þessi breyttu viðhorf innan þessara samtaka. Bæði til stefnu sinnar, starfshátta og breyttur skilningur á því að þessar deilur sem hafa verið milli þeirra sé ekki hægt að leysa nema í gegnum sameiginlegt starf þessara samtaka. Það er ekki hægt að gera út um þetta með orðræðunum eintómum.

> Hversvegna gengur þetta svona vel fyrir sig núna? Eftir allt sem á undan var gengið? Miðað við samkomulag þessara samtaka áður kemur þetta eiginlega á óvart.

Þetta kemur mér ekki á óvart. Það var fyrst og fremst barnaleg prinsippafstaða sem stóð í vegi fyrir samvinnu og samræðum milli þessara samtaka. Þannig að í raun og veru stóðu þau ansi nálægt hvort öðru. Ef maður brýtur nú þetta barnalega prinsipp og kastar því á haugana þá er ekkert skrítið þó að ekki þurfi langan tíma til að gera út um sameininguna.

Hinu er ekki að neita að mér finnst við ekki nota nægan tíma til að gera út um ágreiningsefni sem við vitum að eru fyrir hendi. Ég veit að loksins þegar þessi samtök eru komin í eina sæng þá liggur fyrir töluverð vinna við að ræða út um þessi ágreiningsmál.

> Nú hafa þessi samtök fælt frá sér talsverðan fjölda fólks undanfarin ár. Kemur þessi sameining of seint til að árangur náist?

Það fer allt eftir því hvernig við höldum á spilunum. Mér finnst við þurfa að gera eitthvað og annað, t.d. að láta af píslarvottaafstöðu sem mér finnst koma fram hjá ákaflega mörgum félögum. Hún er fólgin í því að allt sem við gerðum var ómögulegt og rangt. Ég held fólki finnist það jafnhlægilegt og ef við segjum að allt sem við gerum hafi verið rétt.

Það er mjög mikilvægt að meta hlutlægt fortíðina og það starf sem við höfum unnið.

Hitt þarf líka að passa upp á að haga starfi okkar, t.d. samfylkingarstarfi og umræðum um stefnu, þannig að þessi fólki finnist það vera boðið með.

> Verða nýju samtökin annað en nýtt lítið flokksbrot án sameiningar við víðari fjölda?

Sameining og samvinna er ekki alveg það sama. Eins og ég sagði áðan til að sameining geti orðið þurfa báðir að ná til hvor annars. Það gerist annarsvegar með hugmyndabaráttu og hins vegar með baráttusamvinnu.

> Væri hugsanlegt að sameinast Fylkingunni. Væri það ekki jafneinfalt og það tók að sameina KFÍ og Eik eftir margra ára baráttu þeirra í milli?

Alls ekki og vegna þess að Fylkingin er af allt öðru sauðahúsi heldur en við. Ég álít hana alls ekki sósíalísk samtök, ekki marxísk samtök. Ég álít hinsvegar marga fylkingarfélaga ágæta baráttumenn.

Þannig að gagnvart fólki sem er flokksbundið í FBK og AB gildir sú leið sam

framhald á síðu 2

Ari Trausti Guðmundsson

Látum af kreddufestunni

Gunnar Andrésson

Víðtæk sameining það er markmiðið

„

Hafði Eik (m-l) gengið að KFÍ dauðum?

Ég held að ekki sé rétt að leggja spurninguna upp á þennan hátt. Við verðum að skoða þetta í mun lengra, sögulegu samhengi.

Eins og allir vita voru Kommúnistasamtökin forveri Kommúnistaflokksins og þau eru stofnuð þegar marxíska-lenínska hreyfingin er í uppgangi og miklar vonir eru bundnar við þessa nýju pólitík.

En þegar þessar vonir urðu ekki að veruleika komu upp miklar deilur innan samtakanna. Menn fóru að deila um smáatriði, og hreyfingin hér riðlaðist á svipaðan hátt og annars staðar í Evrópu.

Ég held að Eikml hafi ekki átt neinn þátt í því. Auðvitað hefur barátta Eik ml gegn KSML og síðan KFÍ sitt að segja.

En hvort einhver sé sigurvegari eða einhver hafi tapað er rangt. Það er fyrst og fremst marxíska-lenínska hreyfingin sem beðið hefur skipbrot í baráttu sinni við kapítalíska þjóðfélagið.

Eru deilur í KFÍ um sameininguna?

Kommúnistaflokkurinn og áður KSML hefur barist fyrir því að þessi tvö samtök sameinuðust. Og það hefur verið lína meirihluta manna þar. Núna er ekki um það að ræða að fólk sé andsnúið þessari sameiningu, meðal annars í ljósi þess að tilvera tveggja samtaka með sömu pólitíkina fjölgar vandamálunum en fækkar þeim ekki.

Nú hefur þessi sameining gengið mjög vel og hratt fyrir sig. Hvers vegna? Er það ef til vill vegna skipbrota samtakanna beggja?

Já, ég held að það hafi sitt að segja að bæði samtökin hafi lent í vissum erfiðleikum. En þó held ég að mikilvægast í þessu sé að Eik hafa tekið upp nýja afstöðu til Kommúnistaflokksins og sameiningarmálsins. Þau hafa sem sagt tekið upp sömu afstöðu og Kommúnistaflokkurinn hefur ætíð haft, þ.e. að nauðsynlegt sé að sameina þessi samtök.

Ástæða þess að þetta gengur svona vel núna, þótt ég vita ekki hvort þetta gangi óvanalega vel, er að bæði samtökin hafa vilja til sameiningar.

Hvað á að stofna? Hverskonar samtök með hvaða markmið? Er það flokkur eða samtök?

Ég held nú ekki að nafnið skipti höfuðmáli, hvort það heitir kommúnistaflokkur eða kommúnistasamtök eða eitthvað annað. Hitt er miklu mikilvægara að stofna samtök sem hafa það markmið að koma á sósíalísku þjóðskipulagi. Við viljum sameina í ein samtök eða einn flokk alla þá sem vilja berjast fyrir sósíalísku þjóðskipulagi á grundvelli verkalýðsstéttarinnar.

Verkefni þessara nýju samtaka eru númer eitt að ná til verkalýðsstéttarinnar og til allrar vinnandi alþýðu með skoðanir sínar og þá á ég ekki eingöngu við það að skrifa í blöð og reka áróður heldur ekki síður að við störfum með þessu fólki. Störfum innan verkalýðsfélaga, innan fjöldahreyfinga að þeim baráttumálum sem þar eru uppi á hverjum tíma.

Það hefur alltof mikið vilja brenna við að við höfum rekið okkar starfsemi rangt, sett okkur yfir fjöldann og verið að benda honum á hvað hann ætti að gera og starfað sem einhverskonar leiðbeinendur fyrir fjöldann án þess að starfa með honum.

En til þess að ná árangri í pólitískri baráttu verðum við auðvitað að taka þátt í lífi og starfi fjöldans, í hans hreyfingum, verkalýðsfélögum og fjöldahreyfingum eins og samtökum herstöðvaandstæðinga, Rauðsokkahreyfingunni o.s.frv.

Þetta tel ég vera okkar brýnustu verkefni.

Auðvitað höldum við áfram að gefa út blöð og starfa sem skipulagður hópur. En þau verkefni hljóta að koma í öðru sæti.

Nú hafa þessi samtök fælt frá sér fjölda manns á síðustu árum. Getur verið að sameiningin komi of seint? Eru menn búnir að missa trú á þessum "kreddumarxistum"?

Já, ég held að menn séu búnir að missa trú á kreddumarxistum og það er auðvitað vel. Auðvitað hefur einangrunarstefnan sem rekin var stíft í upphafi þessarar hreyfingar orðið til skaða. Þó tel ég að sú starfsemi hafi ekki verið öll til skaða heldur hafi hún skilað sér í því að skipulögð voru sérstök samtök kommúnista sem ekki voru til áður.

Auðvitað hafa þessi mál eins og önnur tvær hliðar, bæði góða og illa. Ég held að ef okkur tekst að losa okkur við einangrunarstefnuna og kreddufestuna þá hafi þessi hreyfing verið til góðs og verði til góðs. Erfitt er að meta hvort sameiningin gerist of seint eða snemma. Framtíðin verður að skera úr um það. Þó að vissulega hefðu félagar KFÍ óskað þess að hún hefði gerst fyrr og sennilega allir þeir sem nú vinna að þessum málum.

Hvað með spurningar um flokksbyggingarsamtök og skilyrði flokksstofnunar?

Mitt álit er það að þessi skilyrði sem sett hafa verið upp til að hægt væri að kalla einhver samtök flokk séu vélræn hughyggja og búin til af einhverjum mönnum við skrifborð. Slíkt hlýtur bara að dæmast af raunveruleikanum á hverjum tíma.

Verður ekki markmið þessara nýju samtaka að sameina fleiri, t.d. Fylkinguna- og AB-fólk, auk annars? Gæti ekki orðið jafneinfalt að sameinast Fylkingunni og að sameina Eik og KFÍ?

Ég álít að það skipti ekki meginmáli hvað menn kalla sig. Ef þeir vilja berjast fyrir sömu sjónarmiðum og við í pólitískri baráttu þá held ég að við getum ekki sett fyrir okkur þó að menn hafi kallað sig og sína stefnu trotskíisma eða sósíaldemókratisma eða hvað þær heita nú allar. Ef menn vilja berjast fyrir þeim sjónarmiðum sem þessi nýju samtök setja sér í stefnuskrá þá ætti það ekki að setja hömlur þó menn hafi verið í Fylkingunni eða AB og vilji nú koma til liðs við okkur.

Ég álít að við eigum að reyna sameiningu á sem víðustum grundvelli og ekki að setja fyrir okkur einhverjar gamlar erjur þar sem báðir aðilar höfðu meiri og minni rétt fyrir sér.

Álíturðu Fylkinguna sósíalísk samtök?

Þetta er nú dálítið víðtækt hugtak. Ég álít Fylkinguna, eins og þessi samtök okkar, vera samsetta af einstaklingum sem eru misjafnlega góðir sósíalistar.

Ef spurningin er hins vegar um það hvort ég álíti trotskíismann vera sósíslisma þá álít ég það ekki. En ég hugsa að margir einstaklingar bæði innan Fylkingarinnar og AB og utan þessara samtaka sé ekkert síður góðir sósíalistar heldur en einstaklingar innan KFÍ og Eik.

Verður ekki marxista hreyfingin að breyta stefnu og starfsháttum til að ná til þessa fólks sem stendur þeirra tiltölulega nærri?

Hættan er náttúrulega alltaf sú að okkur takist ekki að nálgast fólkið sem í raun og veru hefur svipuð lífssjónarmið og við og að við hrekjum það frá með því að reka of harða flokkspólitíska línu.

Eins og ég sagði áðan held ég að mikilvægast í þessu sé að starfa með þessu fólki, kynnast því í starfi og baráttu.

Við eigum til dæmis að starfa miklu miklu meira innan verkalýðsfélaganna og við eigum líka að taka þátt í almennri þjóðfélagsbaráttu; til dæmis er mjög mikilvægt að við vinnum að því að þessi nýju samtök og fleira fólk sem stendur okkur nærri vinni að undirbúningi framboðs í kosningum og taka þátt í almennri þjóðfélagsbaráttu, pólitískri baráttu sem fram fer í þjóðfélaginu.

Við lifum í þjóðfélagi þar sem almenningur hefur kosningarétt og fólk getur sagt skoðanir sínar og tekið afstöðu með því að fylgja frekar einni stefnu en annarri. Það er mikill skaði ef við stöndum utan við þessa þjóðfélagsbaráttu, einhverstaðar ofan við hana.

Lokaorð?

Menn hafa verið að tala um að þeim finnist skrítið hvað sameiningin hefur gengið hratt fyrir sig og ástæðan fyrir því sé meðal annars að ýmis deilumál hafa verið lögð til hliðar í bili.

Ég held og vona að það verði alltaf mikil skoðanaskipti innan þessara nýju samtaka. Og ég álít ekki að þeir sem koma úr Kommúnistaflokknum hafi allir sömu afstöðu til þessara deilumála. Ég held ekki að allir félagar Eik séu endilega á þeirri línu sem meirihlutinn rak í þeim málum. En það er spurningin um líf og dauða samtaka af þessari gerð ef ekki verða fjörug skoðanaskipti þar.

Að lokum óska ég þessum nýju samtökum alls góðs í framtíðinni og ég vona að þeim takist að leysa úr þeirri kreppu sem marxíska-lenínska hreyfingin vissulega er í um þessar mundir.

eb.

„Skandali aldarinnar“

Í dagskrárgrein í Þjóðviljanum 1. maí sl. undrast Baldur Óskarsson það sem hann kallar útreiðina á Atvinnuleysistryggingasjóði sl. áratug eða svo. Baldur kennir Alþingi um og "almannavaldinu". Grein Baldurs er sannarlega þörf ábending, en niðurstöður hans um sökudólga heldur óljósar. Samkvæmt súluriti er fylgdi grein Baldurs rýrnaði sjóðurinn hvað mest á ríkisstjórnarárum Alþýðubandalagsins árin 1972 til 1974 og 1978. Baldur kemur hins vegar ekki auga á þetta samhengi. Einnig má benda Baldri á, að það nefnist stéttasamvinna þegar verkalýðsfélögin sitja hávaðalítið undir óhæfuverkum almannavaldsins. VBL-STB er ekki kunnugt um að þau verkalýðsfélög sem Abl. stýrir hafi spyrnt fæti gegn þessari útreið.

Þ.



Annars konar námshringi

Af hverju eru námshringir oftast svo leiðinlegir sem raun ber vitni? Flestir námshringir sem við höfum kynnst (og það er ekki bara hjá Eik (m-l) eða KFÍ/ML) fara þannig fram að leiðarinn talar mikið og er alvitur meðan hinir þegja mikið og hafa litlar skoðanir. Námshringirnir eru fámennir, undir leiðsögn einna samtaka og bera þess gjarnan merki. Okkur grunar að námshringirnir gangi út frá því að þátttakendur hafi enn ekki tekið afstöðu til neinna stjórnmálasamtaka og eigi við lok námskeiðsins að taka afstöðu til viðkomandi samtaka.

Raunveruleikinn er að þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í námshring eru gjarnan meðvitað fólk sem hefur þegar tekið afstöðu til stjórnmálaflokkanna. En á hinn bóginn hafa vinstri samtökin komið í

veg fyrir samstarf og umræður við t.d. alþýðubandalagsmenn með einstrengislegri stefnu sinni. Fræðikenningunni hefur verið veifað sem skrautfjöður í hatti hreintrúarkommúnista, eins óalþýðlegri og frekast er unnt.

Okkur finnst að vinstri sinnað fólk eigi að skipuleggja í sameiningu námshring - ekki beinlínis í kommúnískum fræðum heldur í notkun fræðanna hér á Íslandi. Yfirskrift námshringsins gæti t.d. verið "Sósíalismi á Íslandi". Framsögumenn námshringsins yrðu menn með sérþekkingu á ákveðnum sviðum. Auk umræðna um marxísk fræði færi fram umræða um hvað kommúnistar á Íslandi eigi að gera í ákveðnum málum. T.d. mætti fá mann frá leigjendasamtökunum til að flytja framsögu og síðan yrði rætt um starf kommúnista að húsnæðismálum. Þeir sem undirbúa námshringinn ættu að leggja kapp á að fá til þátttöku alþýðufólk, fólk sem styður hin ýmsu stjórnmálasamtök og æskilegur fjöldi til að margar skoðanir fái að koma fram finnst okkur vera 10 - 20 manns í senn. Svona námshringur gæti verið mikilvægur vettvangur fyrir róttækt fólk til að tala og hlusta hvert á annað auk þess sem þarna væri unnið að því að tala um marxisma á alþýðlegan hátt.

Heiða og Kolla

Esperanto

síðari hluti

Hér birtum við síðari hluta greinar eftir "Esperantista" um alþjóðatungumálið Esperanto. Í fyrri hluta greinarinnar, sem birtist í síðasta tbl. VBL-STB, fjallaði höfundur um alþjóðahyggju öreiganna og hvernig Esperantistar eiga að mörgu leyti samleið með kommúnistum. Einnig fjallaði "esperantisti" um tilurð Esperantos, hvernig höfundur þess, Zamanhof, vildi snúast gegn því að einhver hinna stóru þjóðtungna yrði notuð í alþjóðasamskiptum, því "það veitti þegnum viðkomandi stórveldis ótvíræða yfirburði í samskiptum við aðrar þjóðir, ... væri viðurkenning á drottnunar- og heimsvaldarétti þess og þyddi stórkostlega hættu fyrir menningu og sjálfstæði allra annarra þjóða."

Esperanto gegn stríði

Á hinn bóginn var ófært að það ástand skilningsleysis milli þjóða sem staðið hafði til þessa héldi áfram um alla eilífð. Zamenhof áleit að einmitt þessi skortur á skilningi og þekkingu milli alþýðu hinna ýmsu þjóða væri ein af höfuðorsökunum fyrir því að litlum hópi manna tekst oft og iðulega að leiða þjóðir sínar út í blóðug stríð við nágranna sína. Þó svo að þetta sé nú kannski ekki ein höfuðorsök styrjalda eins og Zamenhof áleit, þá hefði hann að nokkru leyti rétt fyrir sér. Höfum við kommúnistar ekki margoft bent á að ef verkalýður og alþýða heimsins stæðu sameinuð og neituðu að beina byssum að sambræðrum sínum, þá yrðu engin stríð?

Yfirburðir Esperanto

Því er það að Zamenhof lagði fram hugmynd sína að alþjóðamáli, Esperanto. Yfirburðir Esperantos fram yfir aðrar hugmyndir um alþjóðamál komu fljótlega í ljós. Málið var einfalt og auðlært, gaf óþrjótandi tjáningarmöguleika á allar þær hugsanir of hugmyndir sem tungumál á annað borð bjóða upp á. Og síðast en ekki síst þá sótti Esperanto orðaforða sinn og málfræði til lifandi tungumála og byggði þannig á mörg þúsund ára menningar- og tungumálaarfleifð.

Nú, meira en níutíu árum eftir að Esperanto kom fyrst fram, verður að viðurkennast að það er enn langt frá því markmiði sínu að vera viðurkennt sem alþjóðamál af þorra mannkynsins. En þrátt fyrir þetta hefur Esperantohreyfingunni samt sem áður tekist að ná sumum af mikilvægustu markmiðum sínum. Er það helst að nefna að Esperanto er þrátt fyrir allt lifandi alþjóðlegt tungumál og hið eina slíka í heiminum. Í dag eru mörg hundruð þúsund manns í nærri eitt hundrað löndum sem tala Esperanto og nota það sem tæki til samskipta við einstaklinga af öðru þjóðerni. Er þá ekki talinn með allur sá sægur af einstaklingum (áætlaður nærri milljón) sem lagt hefur stund á nám í Esperanto en vegna ýmissa ástæðna tekur ekki virkan þátt í starfi Esperantohreyfingarinnar.

Esperantistar

Þátttakendur í alþjóða Esperantohreyfingunni eru af öllum mögulegum pólitískum skoðunum (nema þó tæplega fasistar) en þeir eiga sér allir það sameiginlegt að vera einlægir alþjóðasinnar, friðarsinnar og eindregið gegn öllum formum kynþáttakúgunar. Það er því ekki að furða að Hitler lét slátra öllum esperantistum sem hann náði til "eins og hverjum öðrum kommúnistum."

Esperantistar eiga sér alþjóðasamtök. Að vísu er langt í frá að allir esperantistar eða öll samtök esperantista séu aðilar að þessum alþjóðasamtökum. Samkvæmt félagsyfirliti síðasta árs voru félagar alþjóðasamtaka esperantista (UEA) eitthvað um fjörutíu þúsund í 90 löndum. Þó svo að UEA séu ópólitísk samtök, nema að því leyti sem snertir markmið og útbreiðslu Esperantos beint, þá er landssamtökum sumra landa ekki heimiluð aðild af valdhöfum í viðkomandi löndum. Þ.á m. er landssamband Sovétríkjanna, en þar er líklega einhver stærsti hópur esperantista sem er að finna í nokkru einu landi. Sömuleiðis hefur kínverska Esperantosambandið ekki enn fengið aðild enda sótti það ekki um inngöngu fyrr en á síðasta ári og ekki enn búið að ganga frá formsatriðum þar að lútandi.

Esperanto í Kína

Samkvæmt El Popola Cinio, mánaðarriti kínversku Esperantosamtakanna, er ástæðan fyrir báglegu ástandi hreyfingarinnar í Kína á undanförnum árum fyrst og fremst sú að í menningarbyltingunni voru öll samskipti kínverskrar alþýðu við erlendar þjóðir stranglega bönnuð. En nú er öldin önnur samkvæmt sömu heimlidum hefur kennsla í Esperanto verið hafin á fjölda mörgum stöðum út um allt land og er markmiðið að félagar í kínverska Esperantosambandinu verði ríflega fimmtíu þúsund innan fimm ára. Fyrir þá sem hafa áhuga má einnig benda á að Radio Pekino sendir daglega út hálfs klukkutíma dagskrá sem heyra má á Íslandi.

Hugmyndafræði Esperantos

Að lokum nokkur orð um hugmyndafræðilegan grundvöll andheimsvaldasinnaðrar afstöðu Esperantohreyfingarinnar. Hugmyndafræðingar Esperantos halda því gjarnan fram og reyndar réttilega að auk beinnar hernað-

framhald á síðu 7

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON

ALÞJÓÐAMÁL OG MÁLLEYSUR

Ólærðir verkamenn standa upp úr sætum sínum og tala óundirbúnir af jafn-fossandi orðgnótt og mælskustu prófessorar. Varnarræða doktors Privat á alþjóðaþinginu í Antverpen sumarið 1928 var flutt af næstmestu mælsku, sem ég hefi heyrt af vörum nokkurs ræðumanns. Ég hefi að eins heyrt einn mann mælskari. Það var Antono Soares, spænskur eða portúgalskur verkamaður, sem hélt óundirbúinn og blaðalaust ádeilutölu á alþjóða-esperanto-þingi verkamanna í Amsterdam sumarið 1931. Um sjálfan mig get ég sagt, að mér er alveg eins hægt að flytja ræðu blaðalaust á Esperanto eins og á íslenzku.

Annað höfuðágæti Esperantos er málfræði þess. Hún er svo fyrirferðarlítil, að talið er klukkutímaverk að læra hana að fullu. Hún er svo regluleg, að hún á sér engar undantekningar. Og hún er svo skýr og rökrétt, að það þarf sérstakar gáfur til að geta misskilið rétt skrifaðan esperanto-texta. Öll málfræði Esperantos kemst fyrir öðrumegin á bréfspjaldi, eins og sjá má á blaðinu hér á undan.

ESPERANTO ★ ALÞJÓÐLEGT HJÁLPARMÁL

Stafróf: a, b, c, ĉ, d, e, f, g, ĝ, h, ĥ, i, j, ĵ, k, l, m, n, o, p, r, s, ŝ, t, u, ŭ, v, z. **Framburður:** c = ts, ĉ = tŝ, ĝ = dj, ĥ = h í *hvítur* í Rangárvallasýslu, j = zj, ŝ = sh í *shall* á ensku, ŭ = stutt ú, z = s í *is* á ensku, i = í, g = g í *garður*, k = k í *kaldur*, u = ú, allir hinir stafirnir eru bornir fram eins og í íslenzku í upphafi orða. **Áherzlan** er á næstsíðustu samstöfu. **Greinirinn** er að eins ákveðinn: *la: la skribo* skriftin, *la skriboj* skriftirnar. **Þágufall** er táknað með *al: al skribo*, og **eignarfall** með *de: de skribo*.

ENDINGAR

-o	nafnorð	*skribo* skrift	-os	framsöguháttur framtíðar	*skribos* mun skrifa
-j	fleirtala	*skriboj* skriftir	-us	skildagatíð	*skribus* myndi skrifa
-n	þolfall	*skribon* skrift	-u	boðháttur og óskháttur	*skribu* skrifa þú, skrifi
-a	lýsingarorð	*skriba* skriflegur	-ant	lýsingarháttur áhrifsmyndar í nútíð	*skribanta* skrifandi
-e	atviksorð	*skribe* skriflega	-int	— — í fortíð	*skribinta* hafandi skrifað
-i	nafnháttur sagna	*skribi* skrifa	-ont	— — í framtíð	*skribonta* munandi skrifa
-as	framsöguháttur nútíðar	*skribas* skrifar	-at	— þolmyndar í nútíð	*skribata* verandi skrifaður
-is	— fortíðar	*skribis* skrifaði	-it	— — í fortíð	*skribita* hafandi verið skrifaður
			-ot	— — í framtíð	*skribota* munandi verða skrifaður

FORSKEYTI OG VIÐSKEYTI

bo-	tengdir	*patro* faðir, *bopatro* tengdafaðir	
dis-	sundrun	*jeti* kasta, *disjeti* kasta í sundur	
ek-	upphaf, augnablik	*dormi* sofa, *ekdormi* sofna, blunda	
eks-	fyrverandi	*pastro* prestur, *ekspastro* uppgj.pr.	
ge-	sameining kk. og kvk.	*frato* bróðir, *gefratoj* systkini	
mal-	mótsetning	*bona* góður, *malbona* vondur	
mis-	skakkt, mis-	*uzi* nota, *misuzi* misnota	
pra-	frum-, for-	*patro* faðir, *prapatro* forfaðir	
re-	aftur	*sendi* senda, *resendi* endursenda	
-aĉ	lítilfjörlegur	*domo* hús, *domaĉo* hreysi	
-ad	áframhaldandi	*pafo* skot, *pafado* skothríð	
-aj	hlutkendur	*amiko* vinur, *amikaĵo* vináttumerki	
-an	íbúi, áhangandi	*urbo* borg, *urbano* borgarbúi	
-ar	samsafn	*arbo* tré, *arbaro* skógur	
-ĉj	gælunafn á karlmanni	*Petro* Pétur, *Peĉjo* Pézi	
-ebl	möguleiki	*vidi* sjá, *videbla* sýnilegur	
-ec	hlutlaus hugmynd	*amiko* vinur, *amikeco* vináttа	
-eg	mikil stækkun	*varma* heitur, *varmega* afarheitur	
-ej	staður	*lerni* læra, *lernejo* skóli	
-em	tilhneiging	*mensogi* ljúga, *mensogema* lyginn	
-end	það sem ber að gera	*fari* gera, *farenda* sem gera ber	
-er	eining úr heild	*mono* peningar, *monero* peningur	
-estr	foringi, yfirmaður	*ŝipo* skip, *ŝipestro* skipstjóri	
-et	mikil smækkun	*lago* stöðuvatn, *lageto* tjörn	
-id	afkvæmi	*hundo* hundur, *hundido* hvolpur	
-ig	að koma í ástand	*morta* dauður, *mortigi* drepa	
-iĝ	að komast í ástand	*seka* þur, *sekiĝi* þorna	
-il	áhald	*bori* bora, *borilo* bor	
-in	kvenkyn	*viro* karlmaður, *virino* kvenmaður	
-ind	verður	*ami* elska, *aminda* elskuverður	
-ing	hlutur er e-u er stungið í	*plumo* penni, *plumingo* pennaskaft	
-ism	kenning, stefna	*spirito* andi, *spiritismo* andatrú	
-ist	aðalstarf einhvers	*maro* sjór, *maristo* sjómaður	
-nj	gælunafn á kvenmanni	*Mario* María, *Manjo* Marsa	
-uj	það, sem inniheldur	*inko* blek, *inkujo* blekbytta	
-ul	persóna, vera	*riĉa* ríkur, *riĉulo* auðmaður	
-um	óákveðið	*vlena* fullur, *plenumi* uppfylla	



Ómar Harðarson: Úrdráttur úr ræðu 1. maí

Vinstri hreyfingin í kreppu

Félagar.

Vinstri hreyfingin er í kreppu.

Sú alda róttækni og byltingarhyggju sem hófst í Evrópu og á Íslandi fyrir 10–12 árum síðan, með stúdentahreyfingunum 1968 og kreppustandi auðvaldsþjóðskipulagsins er í rénum í dag.

Eldmóðurinn sem dreif fólk áfram á miðjum síðasta áratug hefur breyst í andstæðu sína.

Samt eru allar aðstæður fyrir róttæka og byltingarsinnaða fjöldabaráttu hagfelldari nú en nokkru sinni fyrr. Samt ætti róttæknisaldan á síðasta áratug að hafa gert vinstri hreyfinguna, sósíalista og kommúnista, öflugri í þjóðfélagsbaráttunni en nokkru sinni áður.

Í dag er fleira róttækt og stéttvíst fólk til á Íslandi en verið hefur í áratugi. Engu að síður er róttæknisaldan hjöðnuð og skipulagning framsækins fólks aldrei í meiri molum.

Það var fyrir um það bil 10 árum sem sú róttæknisalda og byltingareldmóður hófst hér á Íslandi sem hefur borið okkur fram til dagsins í dag.

En þessi hreyfing var ekki óskipt. Það erum við að uppgötva fyrst nú 10 árum síðar. Hún kvíslaðist í tvær meginfylkingar.

Í þeirri stærri og meiri vaknaði baráttuhugurinn á nýjanleik hjá mörgum miðaldra sósíalistanum innan Alþýðubandalagsins og margir nýir baráttusinnar gengu til liðs við flokkinn í þeirri von að hann mætti efla til framgangs þjóðfélagsumbótum í anda sósíalisma og þjóðfrelsis.

Úr minni kvíslinni spruttu tvö kommúnistasamtök og þriðja til er trotskistar umbreyttu Fylkingunni. Það fólk sem í þessi samtök skipaði sér taldi vonlaust að reiða sig á Alþýðubandalagið, það þyrfti að mynda nýjan flokk, kommúnistaflokk til að umbylta þjóðfélaginu og koma á sósíalisma.

Síðasti áratugur er ekki síst áratugur framgöngu Alþýðubandalagsins á vettvangi þjóðmála. Sé árangurinn mældur í þingmannatölu þá fjölgaði þingmönnum flokksins á þessum árum um helming frá 7 upp í 14 1978. En árangur flokksins verður mældur í fleiru enn þingmönnum og ráðherrum. Innan verkalýðshreyfingarinnar náði hann afgerandi yfirburðum fram yfir aðra stjórnmálaflokka, eftir að hafa verið einangraður um árabil. Í námsmannahreyfingunni náði flokkurinn undirtökum. Í kvennabaráttunni fékk flokkurinn ótvíræða forystu, einkum í gegnum Rauðsokkahreyfinguna. Og í baráttunni gegn hernum og NATO hefur flokkurinn haft forystu sem ekki hefur verið hnekkt.

En þessi framgangur Alþýðubandalagsins í kjölfar vaxandi róttækni og eflingu sósíalískra og baráttusinnaðra hugmynda innan og utan flokksins hefur ekki skilað sér í eflingu sósíalískra stefnumiða hans.

Þvert á móti á þessum árum hefur flokkurinn þróast enn lengra í þá átt að breytast í einberan kjarahyggjaflokk, í miðjuflokk með ýmsar félagslegar umbætur á stefnuskránni en fráhverfan sósíalisma og alþýðuvöldum.

Þeim ágætu sósíalistum og kommúnistum innan Alþýðubandalagsins, sem öðrum fremur hafa lagt grunninn að velgengni flokksins, hefur ekki tekist að vinna á borgaralegum öflum innan hans, þeim hefur ekki tekist að brynja flokkinn fyrir sykurkúlum og mútuspjótum auðvaldsins – ekki síst vegna skorts á sérskipulagningu innan flokksins og samhæfðrar baráttu fyrir markmiðum sínum.

Velgengisár Alþýðubandalagsins eru nú eftir öllum sólarmerkjum að dæma að líða hjá. Innan allra þeirra fjöldahreyfinga, sem ég taldi upp hér áðan fara áhrif Alþýðubandalagsins dvínandi.

Framsækið fólk hefur misst og er að missa trúna á að Alþýðubandalagið sem afl til að breyta þjóðfélaginu og berjast fyrir hagsmunum alþýðunnar. En það hefur enn ekki séð aðra valkosti, það hefur enn ekki séð aðra stefnu og möguleika á öðrum starfsháttum. Það hefur enn ekki bundist samtökum um stefnumið sín, heldur deilir og kvartar hvert í sínu horni.

Saga samtakanna til vinstri við Alþýðubandalagið einkennist á síðasta áratug og gerir að ýmsu leyti enn af samfelldum þrætum, deilum um fræðileg, pólítísk og starfræn efni milli þeirra innbyrðis. Fram undir miðjan áratuginn fóru t.d. flestir kappræðufundir milli Fylkingarinnar og KSML í þjark um hvort Stalín eða Trotskí hafi haft rétt fyrir sér í hinu eða þessu máli. Einn kunningi minn kallaði þetta þrætur um hvort Trotskí hafi verið drepinn með ísexi eða viðarexi.

Það er máski eðlilegt að umræðurnar hafi leiðst út í slíka hluti, þegar tillit er tekið til þess að flest var fólkið upprunnið úr millistétt og menntskælingar þar á ofan.

Starfslegur árangur þessara samtaka verður ekki mældur í stórum tölum. Þeim hefur mistekist að mestu að ná fótfestu í verkalýðsfélögunum. Útbreiðsla þessara samtaka um landið hefur nær engin verið. Einangrunarstefna og þráseta í fræðilegum fílabeinsturnum hefur verið aðall allra þessara samtaka.

Ég hef hér talað um vinstri samtökin í einni bendu. Það er ekki alveg réttlátt, því töluverður munur er á Fylkingunni annars vegar og marx-leníníistum, Eik (m-l) og KFÍ/ML, hins vegar.

Það er ekki ætlun mín að kafa ofan í skoðanaágreining milli vinstri samtakanna. Það má hafa á dagskrá síðar meir.

Þessi samtök öll höfnuðu Alþýðubandalaginu sem valkosti og hugðust byggja nýjan flokk af eigin rammleik. Það verkefni hefur mistekist. Á sama hátt og innan Alþýðubandalagsins hefur framsækið fólk misst og er að missa trúna á þessi samtök sem afl að breyta þjóðfélaginu og berjast fyrir hagsmunum alþýðunnar. En það hefur enn ekki séð aðra valkosti, það hefur enn ekki séð aðra stefnu og möguleika á öðrum starfsháttum.

Eitt mikilvægasta verkefni vinstri hreyfingarinnar í núverandi kreppu hennar er samruni stéttvísa fólksins úr Alþýðubandalaginu og byltingarsinnanna úr vinstri samtökunum. Þessi sameining verður nauðsynlegri með hverjum deginum sem líður. Það verður engin ný stefna né nýir starfshættir mótaðir án framlags þessara tveggja meginkvíslna róttæknisbylgjunnar frá síðasta áratug. Við marx-leníníistar þurfum á framsæknu og stéttvísu alþýðubandalagsmönnunum að halda til að geta sett kompásinn fram á við á nýjan leik og sósíalistarnir innan Alþýðubandalagsins þurfa á marx-leníníistum að halda til að gagnast alþýðunni.

Nauðsynin á nýjum verkalýðsflokki verður nú æ fleirum ljós. Við þurfum nýjan marxíska og leníníska fjöldaflokk sem getur samþætt og stýrt hinum ýmsu þáttum stéttabaráttunnar.

Í dag blasir sú staða við öllum þorra framsækins og stéttvíss fólks í landinu, að það verður að bindast samtökum um baráttustefnu. Án þess verður ekki greitt úr kreppu núverandi vinstri hreyfingar. Án þess mun barátta verkalýðsstéttarinnar koðna niður.

Sameinumst um nýjan verkalýðsflokk.

Sameinumst um sósíalisma.

Sumarbúðir AKP(m-l) í Noregi

Kommúnistaflokkur verkafólks í Noregi (AKP m-l) hefur sent Einingarsamtökum kommúnista boð um að senda fulltrúa á sumarbúðir sem flokkurinn ráðgerir á halda víðsvegar um Noreg í sumar, nánað tiltekið á tímabilinu 12. júlí til annarrar viku í ágúst. Hverjar búðir munu standa í viku.

Flestar sumarbúðanna munu verða ferðabúðir þ.e. reikað verður um innan ákveðins svæðis, annaðhvort í skógunum umhverfis Oslo eða uppi á fjöllum, svo og í V-Noregi og norðanlands. Nokkrar búðanna hafa fastan samastað, þar á meðal alþjóðlegar búðir í Suður-Noregi. Þar verða umræður og framsögur á ensku. Þessar búðir verða í vikunni 19. til 26. júlí.

Umræðuefni búðanna er ekki endanlega ákveðið, heimsástandið og stríðshættan verður líklega ofarlega á baugi. Að auki er hugsanlegt að rætt verði um fiskveiðistefnu, umhverfisverndarmál o.s.frv. í sumum búðanna.

Þeir sem skyldu hafa áhuga á þátttöku í sumarbúðum Kommúnistaflokks verkafólks í Noregi eru beðnir um að snúa sér til Einingarsamtaka kommúnista eða formanns þeirra, Ara Trausta Guðmundssonar, í síma 35904.

Esperanto

framhald af síðu 6

arlegrar drottnunar og afbeldis þá birtist heimsvaldastefnan einnig á sviði efnahags, menningar og tungumála. Að sjálfsögðu neitar enginn að þetta er allt tengt mjög nánum böndum og sjálfsagt eru efnahagsleg yfirráð að miklu leyti ákvarðandi fyrir menningarleg yfirráð eða kúgun. En hlutverk Esperantos er fyrst og fremst að berjast gegn heimsvaldastefnunni á sviði tungumála. Ef þjóð er neydd til að taka upp annað tungumál en sitt eigið er hætt við að efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði hennar hverfi fyrir fullt og allt. Meðvitund um þetta er e.t.v. höfuðorsök mikillar andstöðu alls þorra Íslendinga við tökuorð og önnur áhrif erlendra tungumála hér á landi. Þannig er kannski stór hluti Íslendinga esperantistar innst inni, þó svo að það sé ómeðvitað hjá okkur flestum.

Niðurstaða mín er sú að þó svo að deila megi um hversu ágætt tungumál Esperanto er, getum við sem kommúnistar ekki verið ósammála grundvallarhugsjón Esperantos og hljótum að styðja Esperantohreyfinguna heilshugar eins og allar aðrar andheimsvaldasinnaðar hreyfingar.

Persónulega vil ég svo bæta við að þó að ég hafi lært fjöldann allan af erlendum tungumálum um æfina, þá tek ég Esperanto fram yfir þau öll að því er varðar skýrleika, fjölbreytni og einfaldleika.

Esperantisti

VERKALÝÐSBLAÐIÐ Stéttabarátta

Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Lausasala: kr. 300
1.árs áskrift: kr. 5.000
Stuðningsáskr: kr.10.000
Áskr. til útl: kr. 8.500

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Ísafjarðarsamningarnir:

Samið undir þrýstingi

Ísfirskir sjómenn náðu fram aðeins hluta af kröfum sínum, sem voru þó ekki miklar. Þar ber helst að nefna aukin frí og loforð frá ríkisvaldinu um vissar úrbætur. Auk þess er ekki óhugsandi, að aðgerðir þeirra hafi átt þátt í því, að 2,5% af olíusjóðnum voru látin niður falla við ákvörðun fiskverðs um mánaðarmótin mars-apríl.

Staða Sjómannafélags Ísafjarðar var erfið. Útvegsmenn voru afar rólegir og vildu ekki ræða við sjómenn nema með menn að sunnan sér við hlið. Virtust þeir ekki taka það nærri sér þótt flotinn stöðvaðist. Þeir þurfa ekki marga mánuði til að ná því, sem leyft verður að veiða af þorski og "skrapfiskiríið" telja þeir naumast borga sig. Þrátt fyrir þvermóðsku sína og lítinn samningsvilja reyndu þeir að kenna sjómönnum einum um atvinnuleysi landverkafólksins, sem þeir sögðu upp strax í byrjun verkfalls. Þetta tókst að nokkru leyti og nutu sjómenn ekki almenns stuðnings landverkafólks og verkalýðsfélagið á staðnum blandaði sér ekkert í málið. Alþýðusamband Vestfjarða stóð með sjómönnum, en fá félög önnur sýndu stuðning. Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambandsins, var jákvæður fyrstu dagana, en þegar á reyndi vildi hann ekkert gera. Sjómenn voru mjög gramir yfir viðbrögðum landssamtaka sinna og létu það í ljós með því að segja sig úr Sjómannasambandinu á fundinum, sem samningarnir voru samþykktir á.

Að sögn samninganefndarmanna hefur aldrei verið eins kalt andrúmsloft á samningafundum hér á Ísafirði og nú. Það fór vart á milli mála, að útvegsmenn voru nú undir meiri þrýstingi frá LÍÚ og VSÍ en áður. Það dylst hér engum, að atvinnurekendur standa nú sameinaðri en áður og telja vænlegast að framkvæma kjaraskerðingaráform sín með heildarsamningum.

Því var allt reynt til að koma í veg fyrir að Sjómannafélag Ísafjarðar næði fram umtalsverðum kjarabótum sem gætu orðið fordæmi fyrir önnur félög. Mönnum finnst að vonum undarlegt, að landssamtök bæði sjómanna og landverkafólks (Sjómannasambandið og ASÍ) skuli taka fullum rómi undir kröfur atvinnurekendanna um heildarsamninga eins og vígstaðan er nú.

Þrátt fyrir heldur rýra uppskeru geta ísfirskir sjómenn verið stoltir af því að hafa gert sitt til að standa vörð um réttindi og kjör sinnar stéttar. En það hefði gjarnan mátt styðja betur við bakið á þeim og er vonandi að næsta félag, sem leggur í slaginn, fái öflugri stuðning.

Fréttaritari



Frá Ísafirði



framhald af forsíðu

„Þetta atvinnulýðræði er bara gervilýðræði“

- Hálfdán, hvað hefur bónus tíðkast lengi í Stálvík?

- Ég held ég fari ekki rangt með að honum hafi verið komið á eftir yfirvinnubannið 1977. Félag járniðnaðarmanna átti þátt í að koma honum á. Í afmælisblaði félagsins sem kom út ekki alls fyrir löngu hallmælti formaðurinn, Guðjón Jónsson, yfirborgunun og hældi bónusnum. Hann telur yfirborganir platkaup sem hægt sé að taka af þegar harðnar í ári hjá fyrirtækjunum. Þau geti hins vegar ekki tekið af bónusinn. Þetta er alrangt.

Hitt er annað mál að bónusinn hefur stytt vinnuvikuna. Hún er nú 43 tímar á viku í öðrum verkum en viðgerðum. Þar verða menn að vinna lengur.

- Hvernig er bónusinn í Stálvík byggður upp?

- Hann skilur sig frá öðrum bónuskerfum í því að þú heldur alveg grunnlaununum. Hann leggst ofan á þau. Hvert verk skiptist í einingar eða verkþætti. Síðan er áætlaður tími á hverja einingu. Það er gengið út frá að normalafköst svokölluð gefi 20% bónus.

Refsað fyrir góð afköst

- Hvernig eru þessi normalafköst fengin?

- Málið er að normalafköst eru ákaflega teygjanleg og óábyggilegur mælikvarði. Það er sameiginlegt öllum bónuskerfum að sagt er, þú afkastar þessu og bónusinn reiknast út frá því. Það er fjarstæða Grunnurinn að öllum bónus er ákveðinn staðall sem þeir gefa sér fyrirfram. Sá staðall er ekkert óbreytanlegur. Það sést vel hjá okkur. Skilum við einu verki á góðum tíma er okkur næstum því refsað með því að bjóða skemmri tíma í næsta verk sem fyrirtækið tekur. Það eru því ekki afköstin sem lögð eru til grundvallar, heldur tíminn sem liggur í verkinu.

Eftir því sem við leggjum harðar að okkur verða "normalafköstin" meiri og því erfiðara að ná góðum bónus.

Þessum bónus var komið á í samráði við starfsmenn og menn voru ánægðir með hann, því hann skerðir ekki grunnlaunin. Við stöndum og föllum ekki með bónusnum.

Slagurinn er ekki um bónusinn, heldur um þann tíma sem gefinn er upp.

- Hverjir reikna út tímann? Hafa starfsmennirnir einhverja hönd þar í bagga?

- Smiðjan gerir samning um smíði á bát. Síðan á að leggja fyrir starfsmennina svokallaðan staðaltíma á verkinu til samþykktar.

Í þessu felst ekkert annað en gervilýðræði. Þú hefur engan kost. Annaðhvort samþykkirðu það eða þá að atvinnurekandinn hótar að afnema bónusinn. Þeir segja, við sjáum ekki neina aðra leið. Við höfum teygt okkur eins langt og við getum.

Ég skil ekki alveg af hverju verið er að leggja þetta fyrir starfsmennina. Það er eins og fyrirtækið leggi þetta fyrir okkur af tómri sýndarmennsku. Í raun og veru er búið að ganga frá samningi. Okkur er ekki gefinn upp réttur tími á verkið. Á fimmtudaginn var t.d. tæknifræðingur hjá okkur að leggja fyrir okkur staðaltíma. Við höfum hans orð fyrir því að þessir tímar séu mjög nærri lagi. Hann gefur okkur hins vegar ekki upp konkret tíma sem samið var um.

Kjaraskerðing

- Er þá fyrirtækinu ekki í sjálfsvald sett að skera niður staðaltímana, t.d. þegar það er að bjóða niður verk?

- Jú. Ég tel.t.d. að þegar við samþykktum þessa staðaltíma um daginn, þá hafi menn verið að samþykkja kannske 10% kjaraskerðingu. Ég er ekkert að ráðast á starfsmennina. Það voru 3 menn kosnir til að sjá um þetta fyrir okkar hönd. Ég tel þó að þeir hafi samið af sér talsverðan hluta. Spurningin er hins vegar hvað hægt sé að gera þegar búið er að gera verksamninga við viðskiptavinina. Getum við hnekkt þeim eða breytt?

Starfsmennirnir hafa lítil tök á því að vefengja útreikninga fyrirtækisins um tímana. Mennirnir sem vinna verkin eru auðvitað farnir að þekkja inn á hvað þeir gera. Rafsuðumennirnir geta t.d. sagt, hvort þeim finnist rafsuðan vera meiri eða minni en í t.d. síðasta skipi, hvort hún sé erfiðari eða þ.h. En heildaryfirsýn hafa ekki aðrir en tæknifræðingarnir.

Sláandi samanburður

- Nú voruð þið óánægðir með staðaltímana fyrir síðasta verk sem samið var um. Kom fram einhver áberandi mismunur á því og fyrri verkum?

- Jú, nú síðast var til sláandi samanburður. Síðasta skip sem smíðað var, var um 390 brúttótonn. Á það fóru 120.000 tímar. Skipið sem við erum að smíða nú er um 500 tonn og staðaltíminn á það er áætlaður 100.000 tímar. Reyndar kemur inn í dæmið að á fyrra skipinu er loðnubúnaður sem tekur um 10.000 tíma og ekki er á þessu skipi.

Við höfum krafist svara um hvernig fyrirtækið geti skorið niður tímana svona einhliða. Það hefur verið bent á tvennt. Annars vegar eru skorin bönd í skipinu en ekki beygð, sem er töluverður vinnusparnaður. Hins vegar hefur hönnunin á skipinu verið bætt, teikningar eiga að vera fleiri og betri. Ég dreg þó í efa að teikningar hjálpi nú vélamönnum mikið, svo dæmi sé tekið. Það er vaninn hjá þeim að leggja t.d. rörin þar sem þeim sýnist best, nú þurfa þeir að fara eftir teikningu og mæla allt út. Mér sýnist að tímasparnaður komi ekki fyrr en menn eru orðnir vanir að vinna með teikningu.

Við vefengdum því að þessar hagræðingar gætu réttlætt svona mikinn niðurskurð á staðaltímunum.

- Hvað er til bóta?

- Kröfur til breytinga beinast nú kannske fyrst og fremst að minni atriðunum, atriðum sem rétt er engu að síður að starfsmennirnir fái inn. Nú hefur t.d. tekist að ná fram þeirri málamiðlun að þau mistök sem orðið hafa vegna teikninga fram að þessu á skipinu sem verið er að vinna við núna komi ekki inn í bónusinn. Það eru um 2500 tímar. Við erum líka með kröfur um að verkin verði tekin út strax, en ekki beðið með það. Við erum búnir að vinna næstum 60% af umræddu skipi nú þegar. Það er fyrst núna sem staðaltíminn er lagður fyrir okkur.

Óábyggilegur bónus

Mér sýnist að þetta gangi alveg milli bols og höfuðs á þeirri kenningu að ef maður leggur sig verulega fram þá eigi maður kost á góðum bónus. Það er vegna þess að bónus stendur og fellur fyrs og fremst með tímafjöldanum en ekki afköstunum. Það er alltaf saumað meira og meira að okkur. Við eigum alltaf minni og minni kost á að fá góðan bónus.

Ég er ekki andvígur bónuskerfi, eins og því sem við Stálvíkurmenn búum við. - Bónusinn er bara ekki ábyggilegri en svo að um leið og harðnar í ári, kemur það strax niður á mannskapnum. M.ö.o. við sköpum ekki einungis verðmætin, heldur verðum við einnig að borga brúsann af lélegum kaupsamningum eigendanna, þegar kreppa steðjar að iðnaðinum.

óhs

VBL-STB ræðir við Hálfdán Jónsson, vélvirkjanema í Stálvík um bónuskerfið þar